

10.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1984.

Nr. 111/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Magnúsi Hákonni Ólafssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 120. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Skúli Bjarnason, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

I.

Ríkissaksóknari hefur í málflutningi sínum hér fyrir dómi skýrt ákæruskjal svo, að ákæruefnið sé það eitt, að ákærði hafi skotið á loft „rauðri neyðarsól“ með þeim afleiðingum, sem greinir í ákæruskjalinu.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa farið fram kannanir á neyðarblysum, sem til sölu voru í verslunum hér á landi hinn 8. ágúst 1980 eða um það leyti. Er lýsing á nokkrum þeirra og ljósmyndir af þeim o.fl. meðal gagna í framhaldsrannsókn málsins.

Í bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins 17. nóvember 1982 segir m.a., að rauður flugeldur eða rautt handblys hafi þá einu merkingu, að aðili sé í hættu staddur og þarfnist hjálpar tafarlaust.

Þá hafa ýmis vitni komið fyrir dóm í framhaldsrannsókn málsins, einkum til að staðfesta fyrri skýrslur sínar fyrir löggæslu. Sigurður Sigurðsson hreppstjóri Stóra-Lambhaga bar við rannsókn þessa, að hann hefði oft verið viðstaddur, er ákærði hefði skotið upp skrauteldum frá veiðihúsinu við Laxá. Hann kveðst hafa verið ríðandi á ferð kvöld það, er um ræðir í málinu, ásamt öðrum nafngreindum manni. Hafi þeir orðið varir við, að flugeldum var skotið á loft, en eigi hafi „hvarflað að þeim, að þarna væri um neina hættu á ferðum“ (svo). Ákærði kom og fyrir dóm og kvað blys það, er hann skaut upp, hafa verið mjög líkt einu blysa þeirra, sem fram hafa verið lögð við rannsókn málsins (para red MK 1) „en það hafi þó verið minna. . .“ Annar skotbúnaður hafi og verið á blysi því, er hann skaut á loft. Ákærði tók fram, að sér hefði verið kunnugt, „að úr svifblysi því, sem hann skaut á loft í umrætt sinn, kæmi rauð sól sem svífi hægt niður“. Þrátt fyrir þetta „hafi hann alls ekki gert sér grein fyrir því, að svifblysið gæti valdið neinum mis- skilningi eða þýtt það að hætta væri á ferðum“. Samprófun ákærða og vitnisins Guðjóns Finnbogasonar, er seldi hinum fyrrnefnda svif- blysið, leiddi ekki til samræmis í framburði þeirra um það, hvort Guðjón hefði tekið ákærða vara fyrir að skjóta upp svifblysinu án þess að gera viðvart um það fyrirfram. Neitaði ákærði, að Guðjón hefði orðað slíka viðvörðun við sig.

III.

Eigi verður talið sannað, að framangreindur afgreiðslumaður í verslun Axels Sveinbjörnssonar Akranesi hafi varað ákærða sérstak- lega við notkun svifblyssins. Leiðbeiningar þær, sem ritadar voru á það, gáfu ekki glögglega til kynna, að hér væri um neyðarblys að ræða. Ákærði skýrði svo frá, eins og í héraðsdómi greinir, að blysinu hefði verið skotið upp í afmælisfagnaði og í því skyni að gleðja þann, er afmæli átti. Kveður ákærði sér eigi hafa komið til hugar, að nokkur aðili gæti talið, að blysið gæfi til kynna hjálpar- arbeiðni. Er engin ástæða til að bera brigður á þessa frásögn ákærða um baksvið atburðarins. Þótt ákærði nefni blysið „neyðar- sól“ í framburði sínum, sker það út af fyrir sig ekki úr um sök hans. Ljóst er, að ákærði stefndi ekki visvitandi að því með verkn- aði sínum að gabbja björgunarlið með misnotkun hættumerkja, sbr.

120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður og eigi fullyrt, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, að langlíklegast hafi verið, svo sem málið horfði við ákærða, að verknaður hans fæli í sér slíkt gabb. Þykir hugræn refsiskilyrði skorta fyrir því, að ákærða verði dæmd refsing í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til. Leggja ber allan kostnað af áfrýjun sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 12.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Akraness 31. desember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. des. sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. maí 1981, höfðað gegn ákærða, Magnúsi Hákoní Ólafssyni arkitekt, Akurgerði 21 á Akranesi, „fyrir að hafa, skömmu eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 9. ágúst 1980, er ákærði var staddur við veiðihús við Laxá í Leirársveit, skotið upp sex flugeldum af venjulegri gerð og einnig rauðri neyðarsól, sem varð til þess að björgunarsveitin Hjálpin á Akranesi hóf neyðarleit um strönd Borgarfjarðar og Mýra ásamt varðskipinu Ægi og þyrlu landhelgisgæslunnar, TF-GRÓ og stóðu aðgerðir björgunarmanna allt til kl. 11.00 um morguninn.

Telst þetta varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 15. maí 1950 í Reykjavík, og hefur hann ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Um miðnætti aðfaranótt laugardagsins 9. ágúst 1980 lét varðskipið Ægir reka um 6 sm vestur af Akranesi. Um kl. 0025 sá skipherra varðskipisins rautt svifblys á lofti, og var það í stefnu yfir Leirársveit. Var þegar í stað tilkynnt um þetta til Reykjavíkur-radíós. Um kl. 0100 tilkynnti svo Reykjavíkur-radíó eftir lögreglunni á Akranesi, að rautt ljós hefði sést þaðan í

stefnu á Mýrar, en síðar var tilkynnt, að ljósið hefði sést frá Akranesi í ca NNA eða NA, rétt vestan við Melasveitina. Frá Borgarnesi sást ljósið bera í Miðfjarðarsker. Ljósið sást í um 1½ sekúndu, en síðan ekki í 6 til 8 sekúndur. Ekki var hægt að greina, hvort ljósið væri á láði eða legi. Um kl. 0135 tilkynni varðskipið til Reykjavíkur-radíós að fyrrgreindar línur skærust inni í Borgarfirði. Reykjavíkur-radíó sagði, að lögreglan ráðgerði að láta bændur í nágrenninu leita. Um kl. 0145 tilkynnti Reykjavíkur-radíó, að Magnús bóndi í Belgsholti hefði svipast um í kringum bæ sinn. Teldi hann allt með felldu, nema að ljós frá Miðfjarðarskersvíta væri eitthvað torkennilegt. Slysavarnafélag Íslands hafði þá í hyggju að senda bát í vettvangskönnun um Borgarfjörð, en ekkert varð úr því. Varðskipið hafðist síðan litid að í leitinni þar til um kl. 0514. Öðru hverju sáust frá varðskipinu rauð blikkandi ljós, líkt og frá lögreglubíl, en síðar kom í ljós, að þau voru frá björgunarsveitarbifreið.

Um kl. 0514 kallaði Reykjavíkur-radíó á varðskipið með tilkynningu frá björgunarsveit, er var við leit í nágrenni bæjarins Belgsholts. Töldu þeir sig sjá einhvern hlut í sjónum í stefnu á varðskipið frá Belgsholti séð. Var óskað eftir, að varðskipið kannaði þetta nánar. Kl. 0600 var varðskipið stöðvað skammt frá Miðfjarðarskeri. Skömmu síðar kom gúmmibátur frá björgunarsveitinni „Hjálpin“ að varðskipinu. Var áhöfnin þá búin að athuga sker við norðanverðan Borgarfjörð og ströndina þar inn með svo og Miðfjarðarsker. Gúmmibátur varðskipisins hélt síðan til frekari leitar. Um kl. 0800 kom svo þyrflan TF-GRÓ á vettvang, og leitaði hún m.a. allar fjörur í nágrenninu svo og í útsker.

Loks um kl. 0850 komu svo fréttir frá björgunarsveitarmönnum, hafðar eftir Ólafi Böðvarssyni mjólkurbilstjóra um, að hann hefði séð flugeldum skotið upp frá veiðihúsinu við Laxá í Leirársveit einhvern tímann milli kl. 24 og 01 um nóttina. Var leit þá hætt.

S.V.F.Í. kallaði björgunarsveitina Hjálpinna á Akranesi á vettvang um kl. 02 um nóttina. Fór hún skipuð 6 mönnum, vel búnum tækjum, sjúkra-bifreið, vörubifreið og björgunarbát, að Belgsholti. Leitustu björgunarsveitarmenn alla nóttina, sigldu um Borgarfjörð og óku fjörur.

Hafði björgunarsveitin af þessu talsverðan kostnað, sem hún hefur sett upp á eftirfarandi hátt miðað við verðlag þess tíma.

40 l bensin, 48l	kr. 19.240
2 l two strokk oil, 1040	— 2.080
16 stk. rafhlöður	— 3.600
6 menn í 12 tíma, 7500	540.000
Samtals	gkr. 564.920

Lögreglan í Borgarnesi fór að veiðihúsinu um morguninn til að grennslast frekar fyrir um málið. Þar varð fyrir svörum ákærði í máli þessu, Magnús Hákon Ólafsson. Kvaðst hann hafa skotið á loft 6 flugeldum, einni rauðri sól og einu rauðu blysi kvaðst hann hafa kveikt á, en það brunnið á jörðu niðri.

Vitnið Sigurður Ólafsson framkvæmdastjóri, Deildartúni 2, Akranesi, var staddur við Vogatungu í Leirársveit í útreiðartúr, þegar flugeldunum var skotið á loft. Ekki þorði vitnið að fullyrða um fjölda og gerð ljósanna, en kvað aðaluppistöðuna hafa verið venjulega flugelda. Vitnið taldi sig muna eftir að hafa séð eina rauða sól. Vitnið kvað það ekki hafa hvarflað að sér eða förunautum sínum, að nokkur væri í nauðum staddur. Þá kvaðst vitnið hafa séð, að flugeldunum var skotið upp frá fyrrgreindu veiðihúsi.

Vitnið Guðbjörg Guðrún Greipsdóttir húsmóðir, Stóra-Lambhaga, Skilmannahreppi, var ráðskona í veiðihúsinu umrætt sinn. Kvað vitnið alla flugeldana hafa verið af venjulegri gerð utan einn, sem hafi verið rauð sól, svipuð og skotið er á gamlárskvöld. Ekkert áfengi var haft um hönd fyrr en að aflokinni flugeldasýningunni að sögn vitnisins.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa skotið á loft sex flugeldum af venjulegri gerð og einni rauðri neyðarsól og auk þess kveikt á einu litlu handblysi upp við húsið. Hafi hinir venjulegu flugeldar allir verið sömu gerðar og hafi það verið litlar sólrir, sem hafi varað í 1-2 sekúndur. Hafi komið þrjú mismunandi ljós úr hverjum, líklega rautt, gult og grænt. Ákærði kvaðst hafa fengið alla flugeldana í verslun Axels Sveinbjörnssonar á Akranesi þennan sama dag. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort honum hafi verið skýrt frá því, að um neyðarsól hafi verið að ræða, en hins vegar full-yrti hann, að hann hefði hvorki verið varaður við að skjóta þessu upp né bent á, að honum væri það óheimilt. Ákærði kvaðst hafa verið viðloðandi veiðihús það, sem um ræðir, síðastliðin tíu ár, framanaf sem veiðivörður, en síðan farið þangað á hverju sumri. Ákærði kvaðst hafa skotið upp flugeldum öll sumrin af ýmsum tilefnum og hafi aldrei nein athugasemd verið gerð. Tilefnið að þessu sinni hafi verið að halda uppá 75 ára afmæli þýsks vinar síns, sem var með honum í veiðihúsinu. Að auki hafi verið þar átta veiðimenn, tveir aðstoðarmenn og ráðskona. Ekkert áfengi hafi verið haft um hönd.

Vitnið Guðjón Finnbogason verslunarmaður, Laugarbraut 15, Akranesi, minntist þess að hafa afgreitt ákærða með flugelda sumarið 1980. Hafi hann keypt svifbly og skipaflugelda. Kvaðst vitnið hafa aðvarað ákærða um, að rétt væri að láta vita, áður en að hann notaði neyðarblysið, en kvaðst ekki muna, hvort ákærði svaraði því nokkru. Vitnið kvaðst ekki hafa talið ástæðu til þess að aðvara ákærða vegna flugeldanna, þar sem

þeir væru oft notaðir, t.d. á hátíðum, en hann hafi hins vegar sagt ákærða, að svifblysið gæti valdið misskilningi.

Engar bótakröfur hafa verið hafðar uppi í máli þessu, þótt aðiljum hafi verið bent á möguleika á að koma að kröfugerð, og verður því ekki frekar um það fjallað.

Upplýst er, að engar aðvaranir voru letraðar á neyðarblysið né bann við notkun. Hins vegar voru leiðbeiningar um notkun með myndskýringum letraðar á ensku og álmundur miði með notkunarreglum á íslensku. Þar er gengið út frá, að blysinu sé skotið frá skipi.

Í reglugerð nr. 258/1964, 3. gr., er lagt bann við því að selja hvers konar skotelda til almennings nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar. Engin ákvæði eru hins vegar í nefndri reglugerð, sem sett er með stoð í l. nr. 37/1948, sem nú eru fallin úr gildi, um það, hvenær heimilt sé að skjóta á loft flugeldum.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum í máli þessu. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Til vara krefst hann þess, að refsing verði felld niður að öllu svo og sakarkostnaðar. Í báðum tilfellum er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins úr rikissjóði.

Sýknukröfu sína styður ákærði þeim rökum, að ekki sé skýrum refsilaga- eða reglugerðarákvæðum til að dreifa, sem banni háttsemi þá, sem ákærða er gefin að sök. Þá sé saknæmisskilyrðum ekki fullnægt, ef brotið heyri undir 120. gr. alm. hgl., þar sem fráleitt sé, að um ásetning hafi verið að ræða hjá ákærða til þess að stofna til þeirrar víðtæku leitar, sem fram fór, en vegna 18. gr. hgl. sé ásetningur skilyrði refsíáfalls eftir 120. gr. s.l.

Varakrafa ákærða er m.a. studd þeim rökum, að ákærða hafi verið ókunnugt um, að verknauður hans kynni að vera refsiverður og sé því um lögvillu að ræða og því eðlilegt, að refsing falli niður með vísan til 2. mgr. 74. gr., sbr. 3. tl. 1. mgr. 74. gr. hgl.

Niðurstöður.

EKKI verður á það fallist með ákærða, að fyrrgreint lagamæli eigi ekki við þá háttsemi, sem ákærða er gefin að sök. Á hinn bóginn þykir ekki liggja fyrir í málinu sönnun þess, að ákærði hafi af ásettu ráði ætlað sér að gabba björgunarsveitina og aðra aðilja til björgunaraðgerða. Enn fremur er upplýst í málinu, að engin fyrirstaða var fyrir því, að ákærði keypti flugeldana í verslun á þeim árstíma, sem þeir eiga ekki að vera til sölu, að engar áletranir voru á flugeldunum um takmörkun á eða bann við notkun þeirra, að ákærði var inni í landi, er hann skaut flugeldunum á loft, að ákærði var ódrukkinn og að hann skaut einnig á loft auk neyðar-sólarinnar skrauteldum, sem ekki munu notaðir í neyðartilvikum.

Þegar framansagt er virt, þykir óvarlegt að ætla, að ákærði hefði allt

að einu skotið flugeldunum af uppgefnu tilefni, hefði hann gert sér grein fyrir þeirri hættu á misskilningi, sem því var samfara. Verður því ekki séð, að sagnæmiskröfur 120. gr., sbr. 18. gr. hgl. séu uppfylltar, og ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt þessari niðurstöðu greiðist kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Sveinssonar hdl., úr ríkissjóði, og þykja þau hæfilega ákveðin kr. 4.000.-

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Hákon Ólafsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Jóns Sveinssonar hdl., kr. 4.000.-, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1984.

Nr. 66/1982. **K.M. Húsgögn h/f**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Guðleifi Sigurðssyni

(Skarphédinn Þórisson hrl.)

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars. 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.